

7. gr.

Eftir miðjan september ár hvert sendir skrifstofa útvarpsins sýslumönnum og bæjarfógetum skrá yfir ógreidd afnotagjöld í lögsagnarumdæmi þeirra. Skulu þá gjöldin tekin lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885, eftir að innheimtumaður hefir kynnt sér, að gjaldandi hafi ekki greitt gjald sitt síðan lögtakskrafan var send frá skrifstofu útvarpsins í Reykjavík.

3
8. jan.

8. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin reglugerð um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp frá 14. marz 1931.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62, 10. maí 1930 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. janúar 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um

kosningu til kirkjuráðs.

4
8. febr.

1. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar, í fyrsta sinn nú þegar, sendir biskup hverjum sóknarpresti landsins, svo og kennurum guðfræðideildar háskólans, þar til gerða kjörseðla og leggur fyrir þá að tilnefna tvo guðfræðinga til að taka sæti í kirkjuráði fyrir hina íslenzku þjóðkirkju.

2. gr.

Kjörgengir eru þeir einir guðfræðingar, sem kosningarrétt hafa.

3. gr.

Kjörseðlar endursendast biskupi í póstabýrgð svo tímanlega, að komnir séu í hendur biskups fyrir lok marzmánaðar. Aftan á hvert bréf sé ritað „Kosning til kirkjuráðs“ og nafn kjósanda.

4

8. febr.

Áður en liðin er vika af aprílmánuði kveður biskup til fundar kjörstjórn til þess að telja hin greiddu atkvæði. En kjörstjórn skipar yfirkjörstjórn við prestskosningar.

4. gr.

5. gr.

Peir tveir guðfræðingar, sem flest hafa fengið atkvæði, eru rétt kjörnir í kirkjuráð. Hafi tveir eða fleiri fengið jöfn atkvæði, ræður hlutkesti úrslitum.

6. gr.

Að loknum kjörfundi tilkynnir kjörstjórn kosninguna þeim, er kosningu hafa hlotið, og gefur þeim kjörbréf. Jafnframt skýrir biskup kirkjumálaráðuneytinu og próföstum landsins frá því, hverjir kosnir hafa verið.

7. gr.

Á héraðsfundum, sem haldnir skulu í júnimánuði, fer ennfremur fram kosning tveggja fulltrúa í kirkjuráðið.

8. gr.

Prófastur, sem forseti héraðsfundar, stýrir kosningu og hefir hver viðstaddur héraðsfundarmaður atkvæðisrétt.

9. gr.

Kosning fer fram skriflega.

10. gr.

Pegar allir viðstaddir héraðsfundarmenn hafa greitt atkvæði, eru atkvæðin talin á fundinum og færð til bókar. Síðan eru úrslit kosningar send biskupi með fyrstu póstferð eftir héraðsfund í ábyrgðarbréfi undirskrifuðu af öllum fundarmönnum. En aftan á umslagið sé skrifað „Kosning fulltrúa til kirkjuráðs“ og nafn prófastsdæmisins.

11. gr.

Pegar biskupi hafa borizt tilnefningar fulltrúa frá héraðsfundum allra prófastsdæma, kveður hann kjörstjórn til fundar til að telja hin greiddu atkvæði. Eru þeir tveir, sem fengið hafa flest atkvæði réttkjörnir fulltrúar til kirkjuráðs. Hafi tveir eða fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti úrslitum.

12. gr.

Að loknum kjörfundi tilkynnir kjörstjórn úrslit kosningar þeim tveim fulltrúum, sem kosnir hafa verið, og gefur þeim kjörbréf. Jafnframt skýrir biskup kirkjumálaráðuneytinu og próföstum frá því, hverjir hafi verið kosnir.

13. gr.

Kjörtími kirkjuráðsmanna telst frá 1. ágústmánaðar.

4
8. febr.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 21 frá 1931, birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. febrúar 1932.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

REGLUGERÐ

5
17. febr.

um

fiskimat.

1. gr.

Þegar verkaður fiskur er fluttur til Spánar, Ítalíu, Portúgals eða annara Suðurlanda, skal hann vera bæði bundinn, saumaður í strigaumbúðir, eða um hann húið á annan eigi ótryggari hátt.

2. gr.

Allur fiskur, sem út er fluttur, hvort heldur í pökkum eða kössum, skal merktur merki, er sýni hver hefir verkað hann, eða selt til útflutnings. Skal merki þetta sett á fiskpakkana eða kassana svo skýrt að eigi verði um villzt. Skulu yfirfiskimatsmennirnir halda slíka skrá yfir alla fiskfarma, er fara frá þeirra umdæmi, að þeir geti ávallt vitað frá hverjum sú fisksending er, er síðar kann að verða lofuð eða löstuð.

3. gr.

Sama þurkstigsheiti skal gilda á öllu landinu og skulu þau vera þessi þar til öðruvísi verður ákveðið.

1. Óverkaður fiskur.
2. Þveginn og pressaður fiskur.
3. Hálfþur fiskur.
4. $\frac{3}{4}$ verkaður fiskur.
5. $\frac{7}{8}$ verkaður fiskur.
6. Fullþur fiskur.